



BORGARSKJALASAFN
REYKJAVÍKUR

Einkaskjalasafn nr. 400

Félag velunnara Borgarspítalans

Vinafélag Sjúkrahúss Reykjavíkur

Skjalaskrá

Borgarskjalasafn Reykjavíkur, Tryggvagötu 15, 101 Reykjavík

www.borgarskjalasafn.is / borgarskjalasafn@reykjavik.is

Einkaskjalasafn nr. 400

Félag velunnara Borgarspítalans

Vinafélag Sjúkrahúss Reykjavíkur

Hópur manna um rekstur Borgarspítalans í Reykjavík hélt fund um málið veturinn 1983 og var ákveðið að boða til stofnfundar. Það var Brynjólfur Jónsson skrifstofustjóri Borgarspítalans sem var drifjöðrin í málinu. Félagið var stofnað og í fyrstu stjórn sátu Egill Skúli Ingibergsson sem var kosinn formaður, gjaldkeri Sigrún Guðjónsdóttir skrifstofustjóri, meðstjórnendur Birgir Ísleifur Jónsson, Bjarki Elíasson og Hafsteinn Guðmundsson.

Endurskoðendur Brynjólfur Jónsson og Gerður Hjörleifsdóttir. Jafnframt var kosið 12 manna trúnaðarmannaráð, sem var hugsað til ráðleggingar og nálgunar lausna á málum vegna þekkingar og kunnugleika hér og þar úti í þjóðfélaginu.

Stofnfélagar voru nokkrir tugir aðallega starfsfólk spítalans. Flestir urðu félagarnir sem greiddu árgjöld um 150 til 200.

Stjórnin setti félaginu samþykktir og sér starfsreglur. Meginreglan var að verkefni væru alltaf sérstök átaksverkefni sem yrði lokið af félaginu og að horft yrði til þarfa allra sem spítalanum tengjast, jafnt sjúklingum sem starfsfólki. Ekki yrði tekið þátt í málum og verkefnum sem tengdust beint daglegum rekstur spítalans.

Öll verkefni á að kynna stjórn spítalans og viðkomandi starfsliði og fá samþykki og staðfestingu þessara aðila á að viðkomandi verkefni eða lausn þess yrði notuð og ef húsnaði þurfti til vegna lausnar t.d. kapella, sneiðmyndatæki og fleira, að það yrði til reiðu áður en félagið fór af stað með að reyna að leysa þau mál.

Í stjórninni voru alltaf a.m.k. tveir starfsmenn spítalans.

Samvinna við stjórn spítalans og starfsfólk gekk alltaf vel og hugmyndir úr hópi starfsfólks voru gjarnan kveikjan að þeim verkefnum sem í var ráðist.

Í stjórninni hefur setið margt ágætisfólk, sem mikill fengur var í að fá að starfa með og njóta hugmyndaríkis þess.

Bjarki Elíasson yfirlögregluþjónn var í stjórninni alveg fram á síðustu ár félagsins, Hafsteinn Guðmundsson prentsmiðjustjóri sömuleiðis, Ottó Michelsen framkvæmdarstjóri, Ólafur B. Thors fyrrum forseti borgarstjórnar, Birgir Ísleifur Gunnarsson fyrrverandi borgarstjóri, Reynir Ármannsson pósthústrúi, Gisli Hermannsson tækniþæðingur deildarstjóri á Borgarspítalanum, Sigrún Guðjónsdóttir skrifstofustjóri Borgarspítalans, Anna Bjarnason, dóttir hennar, Ása Atladóttir og svo

Atli Steinarsson maður Önnu sem ekki var í stjórninni en vann ýmis ritstörf og kynningar fyrir hana. Ingimundur Sigfússon sendiherra, Kristján Þorgeirsson í Odda, Ingibjörg Guðmundsdóttir hjúkrunarkona, Ingibjörg Birgisdóttir hjúkrunarkona, Jóna Guðmundsdóttir hjúkrunarkona, Ingibjörg Hjaltadóttir hjúkrunarkona, Kristján Þorgeirsson forstjóri Skálatúnsheimilisins, Þórir Daníelsson, Guðmundur Pálmi Kristinsson verkfræðingur og forstöðumaður hjá Reykjavíkurborg, séra Sigfinnur Þorleifsson og fleiri.

Verkefnin sem tekist hefur að leysa eru orðin nokkuð mörg og um margt mjög ólík. Við gengumst fyrir skórækt á spítalalóðinni og er hún nánast umgirt eftir það verkefni, það var mest unnið með starfsfólki spítalans á svonefndum spítaladögum þar sem fólk kom saman með sína fjölskyldu og allir lögðust á eitt í gróðursetningu sem var undirbúin af garyrkjumanni sem um spítalalóðina sá. Við gengumst í að gert yrði svokallað aðstandendaherbergi, þar sem aðstandendur nýlátinna gátu verið í næði með sínum nánustu og presti ef óskað var. Við komum upp kapellu með góðri aðstoð Oddfellowreglunnar, við útveguðum sjónvörp og vídeó myndir fyrir langlegudeildir og einnig „lazyboy stóla“ sem aðstandendur gátu hvílst í, örbylgjuofna í allar deildir sem næturvakt var á, aðgerðarsmásjá var keypt og sett upp, tæki sem notað er í skurðaðgerðum þar sem blóðlát er mikið, til þess að draga úr blóðtapi. Við það fengum við aðstoð frá Rauðakross deildinni í Reykjavík. Við gáfum út bók „Listin að lifa með kransæðasjúkdóm“, bókina þýddi hjúkrunarfræðingur og naut til þess styrktar frá viðkomandi læknum, en Hafsteinn Guðmundsson sá um prentun og frágang allan. Við útveguðum alla lýsingu og merkingar fyrir þyrluflugpallinn. Styrkir til Íþróttafélags spítalans vegna þátttöku í mótum erlendis, stóðum fyrir blóðþrýstingsmælingum í Kolaportinu, fengum uppsettan hraðbanka í sjúkrahúsinu, útveguðum listaverk til að láta vera á göngum um takmarkaðan tíma o.fl.

Peningöflun var meðal annars með sölu minningarkorta, sem sérstaklega voru gerð fyrir spítalann og á þau notuð mynd, *Íkon* máluð af Kristínu Gunnlaugsdóttur, sem gaf okkur leyfi til þess að nota listaverk hennar á þennan hátt, svo voru félagsgjöldin og sérstakar safnanir hjá völdum fyrirtækjum og einstaklingum vegna eðli máls sem verið var að leysa. Þetta var oft á tíðum mjög tímafrekt, en með góðum undirbúningi og mjög góðri samvinnu við fagfólkið sem best þekkti viðkomandi mál bæði hvað undirbúning og kynningu varðaði varð árangur oft vonum fremri. Slíkt verður seint fullþakkað.

Egill Skúli Ingibergsson, borgarstjóri 1978-1982 og formaður stjórnar Félags velunnara Borgarspítalans og Vínafélags Sjúkrahúss Reykjavíkur færði Borgarskjalasafni skjölin.

Tímabil 1983-2009.

Formáli Egill Skúli Ingibergsson

Skjalaskrá

Askja 1

Fundargerðabók stjórnar Félags velunnara Borgarspítalans – FVB, 10. febrúar 1983, sem var stofnfundur til 13. október 1997.

Fundargerðabók stjórnar Vínafélags Sjúkrahúss Reykjavíkur 3. nóvember 1997 til 30. nóvember 2009, félaginu slitið.

Málasafn 1983-1989: Fundargerðir stjórnar- og aðalfunda ásamt fylgiskjöllum, fundarboð, ræður, bréf, ársskýrslur, ársreikningar, dagskrár o.fl.

Ágrip að sögu velunnara Borgarspítalans, Egill Skúli Ingibergsson, ódagsett.

Askja 2

Örk 1 og 1a

Málasafn 25. febrúar 1986 til 19. september 1990. Aðalfundur, fundur stjórnar og trúnaðarmannaráðs. Bréf, skýrslur, dagskrár greinargerð o.fl.

Örk 1a

Málasafn október 1988 til 28. október 1992. Fundargerðir, óskir um gjafir og fjárstuðning, gjafir FVB, fjármál, peningastaða, fréttapunktur, stjórn og trúnaðarmannaráð frá 1992.

Ávarp við vígslu kapellu í spítalanum, um vararafstöð o.fl.

Örk 2

Málasafn 22. mars 1989 til 4. mars 1997. Fundargerðir aðalfunda og fylgiskjöl. Bréf, skýrslur formanns, greinargerðir, fundarboð, tilkynningar o.fl.

Örk 3

Málasafn 6. desember 1989 til 23. september 1997. Fundargerðir stjórnar- og aðalfunda. Bréf, skýrslur formanns, dagskrár, tilkynningar o.fl.

Örk 4

Stjórn og trúnaðarmannaráð 1996-1998, félagaskrá 1996-1997.

Málasafn 5. maí 1997 til 1. mars 2000. Fundir stjórnar og trúnaðarmannaráðs, aðalfundir. Bréf, skýrslur formanns, lög VSR, dagskrár o.fl.

Örk 5

Málasafn FVB og VSR 4. febrúar 1991 til 16. mars 2000. Lög VSR frá ýmsum tímum og fylgiskjöl. Bréf, þakkarbréf 1991-2000.

Örk 6

Málasafn 1991 til 2000.

Bréf, orgelvígsla í kapellu Borgarspítalans 9. júní 1991.

50 ára afmæli geðdeildar Borgarspítalans að Arnarholti 27. ágúst 1995 ásamt ræðu.

Opnun barnadeildar Borgarspítalans 22. ágúst 1995.

Ágrip af sögu Félags velunnara Borgarspítalans á 10. ára afmælinu.

Bréf meðal annars varðandi innkaup og óskir þar um 1991-1998 og vegna styrkja og verkefna.

Innkaup, óskalisti haustið 1992, 1994 og 1998. 2000.

Sjónvarpskaup 1995, ómskoðunartæki 1995, sjúklingalyfta, DOPPLER tækni.

Um gerviliðaaðgerðir 3. október 1994, gerviliðaaðgerðir í mjöðm.

„Söfnun til verkefnisins *endurteknar gerviliðaaðgerðir*“.

Greinargerð varðandi málverk í Kapellu á Landakotsspítala 26. apríl 1999 o.fl.

Ávarp í tilefni af 15 ára afmæli VSR, sem áður hét *Félag velunnara Borgarspítalans*.

Afmælisræða.

Yfirlit yfir verkefni. Drög að fréttabréfi, efni í blaðagreinir, upplýsingar í tilefni afmælisársins.

Um aðgerðasmásjá og skurðaðgerðatæki.

Örk 7

Málasafn 3. október 1994 til 12. apríl 1999.

Bréf, tillögur um hver heimsækir væntanlega styrktaraðila, *endurteknar*

gerviliðaaðgerðir o.fl. Ágrip að 10 ára sögu félagsins

Minningarsjóður Landspítalans, ársreikningur 1994, skipulagsskrá.

Minningargjafasjóður, greinargerð og starfsemin 1986. Nokkur bréf, ljósrit, 1930-1939 og 1995 frá samgönguráðuneytinu.

Spítalapósturinn, Starfsmannablað Borgarspítalans 1991, 2. tbl. 17. árg.

Örk 8

VFB og Vinafélag SHR.

Stjórn og trúnaðarmannaráð 1990, 1992-1993, 1994-1995, 1995-1997 og 1996-1997.

Askja 3

Örk 1

Vinafélag SHR.

Ársskýrslur 1997 og 1998. Stjórn og trúnaðarmannaráð 1997-1998, 1998-1999.

Skýrsla formanns um störf liðins árs. Lög félagsins, ársreikningur og rekstraryfirlit.

Balance.

Aðalfundur 10. mars 1999: skýrsla formanns, Lög VSHR, stjórn og trúnaðarmannaráð, verkefnin framundan og þátttaka í fjölskyldudegi.

Örk 2

Aðgerðasmásjá - skurðsmásjá: Bréf, bæklingar

Bréf, gjafabréf 1986, ýmsar upplýsingar, bæklingar o.fl. 1986.

Bréf varðandi fyrirtæki og söfnunarátakið 1985.

Örk 3

Heila- og taugaskurðeild. Skurðsmásjár og smásjáraðgerðir, ný skurðsmásjá 1996.

Ýmsar upplýsingar um FVB og Vinafélag Sjúkrahúss Reykjavíkur 9. mars 1996.

Fjármögnun Cusa - tækis. Bréf, kostnaður, styrktaðaðilar o.fl. 1991.

Gjafabréf minningu Guðrúnar Margrétar Þorsteinsdóttur 1991.

Fréttabréf Félags velunnara Borgarspítalans: mars 1986

1986. 1. tbl. mars.

1987: 1. tbl.

1989: júní

1991: febrúar, mars, maí og september.

1992: febrúar, maí og október.

1993: mars og september.

1994: mars og júní

1998: 1. tbl.

Ágrip að 10. ára sögu Félags velunnara Borgarspítalans 1993.

Ávarp í tilefni af 15 ára afmæli VSR.

Örk 4

Ársreikningar og peningastaða 1989-1995, rekstraryfirlit 1996

Ýmis fjármál, fjárhagsstaða 1995-1997. Balance.

Ávísanahefti 1995-1996, óklárað.

Kjörbók stofnuð 1993.

Ýmsar nótur, yfirlit, dagbók 1998-2000.

Diskur; uppgjör ársins 1996 (frá Jónínu) og tveir diskar, ómerktir.

Diskur VEL – DEB 23.10.'93-22.2.'96, VEL MBD skrá 1995. Bréf frá 5. febrúar 1998.

Utan arkar:

Styrktarkort Styrktarsjóðs Sjúkrahúss Reykjavíkur

Stimpill.

Gestabók og félagaskrá Félags velunnara Borgarspítalans á stofnfundi 10. febrúar 1983.

*Skráð í nóvember 2011,
Guðjón Indriðason*